

111 brotið er framið. Verði ágreiningur um í hvaða hreppi brotið er framið skal sektin falla til þess eða þeirra hreppa, þar sem afbrotamenn eiga heimili, að tiltölu rjettri.

31. gr.

Öll eldri og yngri fyrirmæli, þessu efni viðkomandi, sem ekki eru samkvæm reglugjörð þessari, eru hjer með úr gildi numin.

*
Samkvæmt lögum 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda er framanskriðuð reglugjörð hjer með staðfest og löggilt, og skal reglugjörðin öðlast gildi frá 1. janúar 1892.

Amtmaðurinn í vesturamtinu, Reykjavík 15. sept. 1891.

E. Th. Jónassen.

112 Brjef landshöfðingja til biskups um flutning Fróðarkirkju. — Samkvæmt til-
8. ágúst. lögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegum brjefum dags. 8. júní þ. á. og 6. þ. m. og eptir að löglegt samþykki hjeradsfundar er þar til fengið, vil jeg hjer með eptir ósk hlutaðeigandi safnaðar, samkvæmt 4. gr. í lögum nr. 3, 27. febr. 1880, veita samþykki mitt til þess að kirkjan á Fróðá í Snæfellsnessprófastsdæmi, er hlutaðeigandi söfnuður hefur tekið að sjer fjárhald á verði rifin niður og flutt út í Ólafsvík og endurbýggð þar á lóð þeirri er landssjóður á; þó er kirkjuflutningur þessi bundinn því skilyrði, að eigandi Fróðár greiði 800 króna álag á nefnda kirkju, eins og hann hefur skuldbundið sig til með afsalsbrjefi dags. 22. apríl þ. á. og að prestmötugjaldið af Fróðá, 100 þd. smjörs, hvíli framvegis á jörðinni eigs og áður. Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar.

113 Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna, um lántökuleyfi handa prestakalli
12. ágúst. til túnbóta. — Útaf erindi því frá sjera Ólafi Ólafssyni, presti að Lundi í Borgarfjarðarprófastsdæmi, er jeg meðtók með þóknanlegu brjefi yðar herra amtmaður og háæruverðugi herra, dags. 8. þ. m. og samkvæmt tillögum yðar í nefndu brjefi vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að nefndur prestur taki 1000 króna embættislán upp á Lundar prestakall, auk þeirra 450 króna, sem eptir standa af láni því, er tekið var handa prestakallina til kirkjubýggingar árið 1889, en lántökuleyfi þetta er bundið þeim skilyrðum, að nefndum 1000 kr. verði varið til þess að sljetta og bæta túnið á Lundi, að hinar fyrirhuguðu túnbætur verði framkvæmdar svo fljótt sem verða má eptir samkomu-
lagi milli hlutaðeigandi prófasts og prests, að lánið verði endurborgað á næstu 20 árum með $\frac{1}{20}$ á ári auk vaxta, að regluleg skoðunar og matsgjörð, er hlutaðeigandi prófastur með 2 dómkvöddum mönnum framkvæmi, fari fram á hinum unnu túnbótum, þegar presturinn tjáir sig hafa unnið upp hið fengna lán, að presturinn eða bú hans, ef hann flytur sig frá brauðinu eða deyr, áður en lánið er að fullu endurborgað, borgi það af hinu óendurgoldna láni, sem eptir reglulegri skoðunar og matsgjörð samkvæmt framansögðu, kann að reynast að vera óeytt, og að ofanefndur sjera Ólafur Ólafsson afhendi stiptyfirvöldunum til frekari tryggingar fyrir skilvísri endurborgun hins umrædda láns með vöxtum lífsábyrgðarskirteini frá lífsábyrgðar- og framfærslustofnuninni frá 1871, að upphæð